



**Markaðsstofa Suðurlands**

## **Fundargerð**

7. stjórnarfundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 9:00 þriðjudaginn 6. febrúar 2018 í Fjölheimum á Selfossi.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Sigurður Rafn Hilmarsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll boðuðu:

Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### **Dagskrá:**

- Heimsókn nýs ferðamálastjóra
- Önnur mál

### [Heimsókn nýs Ferðamálastjóra](#)

Nýr Ferðamálastjóri, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs Ferðamálastofu komu á fund stjórnar Markaðsstofu Suðurlands. Komu þeir til að fá kynningu á starfseminni ásamt því að ræða nýjan samning sem markaðsstofur landshlutanna eru að vinna að við Ferðamálastofu varðandi grunnfjármögnun.

Formaður stjórnar setti fund, bauð fundargesti velkomna og gaf framkvæmdastjóra orðið. Dagný kynnti samstarf Markaðsstofa landshlutanna ásamt því að fara yfir hlutverk, markmið og helstu verkefni MSS. Ferðamálastjóri þakkaði fyrir fróðlega kynningu.

Að kynningu lokinni var farið yfir helstu málefni nýs samnings við markaðsstofurnar. Stjórn MSS ítrekaði mikilvægi þess að samið yrði um grunnfjármögnun til þriggja ára. Grundvöllur skapast þá til að skipuleggja starfsemi markaðsstofanna til lengri tíma í senn. Einnig var horft sérstaklega til mikilvægi þess fyrir vinnu við áfangastaðaáætlanir DMP, þ.e. að hægt verði að ráða starfsfólk áfram til að fylgja eftir aðgerðaáætlunum sem til verða í vor. Það væri ekki gott að missa þekkinguna út úr verkefninu. Ferðamálastjóri kom því á framfæri að markaðstofur landshlutanna ættu að koma með næstu drög að samning og haldið yrði áfram þaðan.

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands þakkar Skarphéðni og Elíasi fyrir góðan fund.

## Önnur mál

### **Aðalfundur, málþing og árshátíð Markaðsstofu Suðurlands**

Staðfest var að aðalfundur, málþing og árshátíð verði haldin þann 13. apríl næstkomandi á Hótel Laka við Kirkjubæjarklaustur. Framkvæmdastjóra falið að staðfesta við Hótel Laka og halda áfram undirbúningi á dagskrá. Lagt var til að gera eitthvað skemmtilegt úr 10 ára afmæli Markaðsstofu Suðurlands sem er á þessu ári.

### **Samningar við sveitarfélög**

Gunnar og Dagný funduðu með Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna samninga í lok janúar, kynntu starfsemina og var ánægja með þann fund. Sambærilegur fundur fyrirhugaður með Ölfusi 7. febrúar. Svör hafa ekki borist frá Bláskógabyggð ennþá.

### **Brú lífeyrissjóður**

Framkvæmdastjóri verið í sambandi við lögfræðing vegna Brú lífeyrissjóðs og fær leyfi stjórnar til að senda bréfið.

### **Annað**

- Samtal um starfsmannamál
- Umræða um möguleika í að búa til ferðatillögur á svæðinu t.d. vegna vetrarfría grunnskóla, fyrir eldri borgara, fyrirtækjamarkað og fleira.

Fundi slitið 11:30